



Víðtæk eignatrygging

Skilmáli nr. EE10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EE10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Víðtæk eignatrygging er tekin fyrir einstaka dýra muni. Hentar vel sem viðbót við heimilistryggingu og aðrar eignatryggingar.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin gildir fyrir muni sem skráðir eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

2.1 Eigandi munanna er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir hvar sem er, enda séu munirnir í umsjá tryggðs. Sérstaklega þarf að semja við VÍS um undantekningu frá þessari reglu, það er þegar tryggða er í umsjá annarra en tryggðs.

4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Beint tjón á hinu tryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tjón sem orsakast af snöggum hita og/eða rakabreytingum.

5.2 Tjón sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.

6. Varúðarreglur

6.1 Tryggður skal fara að fyrirmælum framleiðenda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald tryggðra muna.

6.2 Tryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem munir eru skildir eftir.

6.3 Tryggður skal ekki skilja við hina tryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

6.4 Tryggður skal hafa vitneskju um hvar munir eru staðsettir á hverjum tíma.

7. Háttsemi annarra

7.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur VÍS sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka tryggðs og einstaklings sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.¹

7.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs eða umsjónarmanns einstakra muna eða tækja.

8. Ákvörðun bóta

8.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti hlutar vegna aldurs, notkunar og

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

Afskriftir eru 10% á öllum hlutum nema annað sé tekið fram í töflunni.

¹ Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004



annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Afskriftir geta ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir	Hámarksafskriftir
Snjalltæki ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	25%	100%
Tölvubúnaður ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%	100%
Önnur raftæki ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%	70%
Annað	12 mánaða fresti	10%	70%

- 8.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við hlutinn.
- 8.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi bætur verið greiddar samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 8.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 8.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

Það sem fram kemur á hægri spássú er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.